



Til vinstri Laura Scheving Thorsteinsson, hjúkrunarfræðingur og verkefnisstjóri á gæða- og lýðheilsusviði, og Hildur Kristjánsdóttir, ljósmóðir og verkefnisstjóri á sama sviði.



Á myndinni eru fleiri burðarásar landlæknis, frá vinstri: Svanhildur Þorsteinsdóttir verkefnisstjóri, Júlíana Héðinsdóttir aðstoðarmaður sóttvornarlæknis, Sara Halldórsdóttir skjalastjóri, tveir fulltrúar af heilbrigðistöflfræðisviði; Lilja Bjarklind Kjartansdóttir og Hildur Björk Sigbjörnsdóttir og dóttir hennar, Arna Ísold.

## Sextán landlæknar á 250 árum

### Jóhanna Ingvarsdóttir

[johanna@evropubruin.is](mailto:johanna@evropubruin.is)

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan Bjarni Pálsson, fyrsti sérmenntaði læknirinn á Íslandi, var skipaður fyrsti íslenski landlæknirinn með konungsúrskurði hinn 18. mars árið 1760. Með skipun hans í embætti má segja að heilbrigðisþjónusta í nútímaskilningi hafi haldið innreið sína í landið. Embætti landlæknis er eitt elsta samfellda veraldlega embætti Íslandssögunnar og hafa alls 16 læknar gegnt því fram á þennan dag, sumir þó oftast en einu sinni. 250 ára afmælis landlæknisembættisins var minnst með málþingi í hátíðarsal Háskóla Íslands á afmælisdaginn að viðstöddu fjölmenni. Málþingið var haldið í samvinnu við Félag áhugamanna um sögu læknisfræðinnar og Lækningaminjasafnið.

Að loknu setningarávarpi heilbrigðisráðherra, Álfheiðar Ingadóttur, flutti Margrét Björnsdóttir, settur forstjóri Lýðheilsustöðvar, afmæliskeðju. Fimm fræðimenn héldu erindi um ýmsa þætti í sögu embættisins frá öndverðu þar sem litíð var

yfir þróunina allt til þessa dags. Sá liður var í höndum fræðimannanna Erlu Dorisar Halldórsdóttur hjúkrunar- og sagnfræðings, Ólafar Garðarsdóttur sagnfræðings, Óttars Guðmundssonar geðlæknis, Þórólfs Guðnasonar yfirlæknis og Jóns Ólafs Ísberg sagnfræðings. Að erindunum loknum flutti Ólafur Ólafsson, fyrrum landlæknir, afmæliskeðju og að síðustu ávarpaði Geir Gunnlaugsson, núverandi landlæknir, hátíðargesti.

Í máli ráðherra á málþinginu kom fram að hafinn sé undirbúningur að sameiningu landlæknisembættis og Lýðheilsustöðvar og að ný sameinuð stofnun taki til starfa um næstu áramót. Sameiningin er í samræmi við tillögu starfsnefndar um breytta skipan stjórnsýslu heilbrigðisráðuneytisins. Verkstjórn þessa verður í höndum Margrétar Björnsdóttur, setts forstjóra Lýðheilsustöðvar.

Úr hátíðasal Háskóla Íslands 18. mars síðastliðinn á málþingi í tilefni þess að 250 ár erum liðin frá því landlæknisembættið var sett á laggirnar  
Ljósmyndir: Eggert Jóhannesson, birt með leyfi landlæknis..

